

## Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn á óraskaður að vera. Kærði Haraldur Jónsson greiði áfrýjunarkostnað, þar með talin málflutningslaun í yfirdómi sækjanda og verjanda yfirréttarmálaflutningsmönnum Oddi Gíslasyni og Eggert Claessens 15 kr. hvorum.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. júlí 1915.

Nr. 6/1915.

Kristín Stefánsdóttir  
gegn

Skiftaráðandanum í Suður-Múlasýslu  
Guðmundi sýslumanni Eggerz,  
f. h. dánarbús Þórarins Hávarðsonar,  
Sígfúsi Sveinssyni o. fl.

D ó m u r :

Ágreiningsefnið í máli þessu er risið út af líftryggingu, sem Þórarinn nokkur Hávarðsson, sjómáður í Norðfirði, keypti í maí 1907 hjá lífsábyrgðarfélaginu »Dan«. Vátryggingarupphæðin nam 2000 kr., eða 1600 kr., ef Þórarinn druknaði í sjó, og skyldi ganga til erfingja hans. 25. nóv. samæris hafði Þórarinn verið gerður gjaldproti, en ekki hafði búið

Þreyft við nefndri váttryggingu. Þórarinn druknaði í sjó 11. marz 1911, og 28. apríl s. á. var bú hans skrifað upp og virt, en váttryggingarféð var ekki talið meðal eigna búsins, og yfir höfuð ekki minst á það fyr en á skiftafundi 29. des. 1913, eina skiftafundinum, sem haldinn var í búinu. Þar er váttryggingarupphæðin, 1600 kr., talin meðal eigna búsins, er námu alls 2173 kr. 60 aur. Áfrýjandi Kristín Stefánsdóttir, ekkja hins látna, hafði sent umboðsmann á skiftafundinn, og hann krafðist þess að váttryggingarféð væri afhent áfrýjanda f. h. erfingjanna, áfrýjanda og barna þeirra Þórarins. En því mót-mælti skuldheimtumaður sá, er einn hafði sótt fundinn, og skiftaráðandinn, sýslumaðurinn í Suðurmúla-sýslu, úrskurðaði þá þegar, með skírskotun til 30. gr. í lögum nr. 7, 13. apríl 1894, að krafa áfrýjanda yrði ekki tekin til greina.

Úrskurði þessum, og skiftunum yfirleitt hefir áfrýjandi, að fengnu uppreistarleyfi 27. janúar 1915, skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 2. febr. þ. á. Krefst áfrýjandi þess, að úrskurðurinn og skiftin verði ónýtt, váttryggingarupphæðin tildæmd erfingjum Þórarins og málskostnaður lagður annaðhvort á skiftaráðanda einn eða in solidum á hann og hina aðra stefndu, þá kaupmennina Sigfús Sveinsson, Stefán Stefánsson, Konráð Hjálmarsson, Pálma Pálma-son, Svein Stefánsson, Ara Marteinson og Sigurð Stefánsson, alla til heimilis á Norðfirði, og verzlun C. D. Tulinius á Eskifirði.

Hinir stefndu hafa eigi gefið sig fram í yfirdómi og var þó öllum löglega stefnt, nema Konráði Hjál-

arssyni. Um stefnuna á hendur honum geta stefnuvottarnir þess, að hún hafi verið birt fyrir nafngreindum verzlunarstjóra hans, þar eð Konráð hafi eigi verið heima, en birtingarstaðar er eigi getið. Ber því að vísa stefnunni frá, að því er Konráð Hjálmarsson snertir, en ekki þykir rétt að frávísa málinu fyrir þá sök að öðru leyti, enda kom Konráð kaupmaður ekki fram sem málsaðili við meðferð úrskurðaratriðisins á skiftunum. Þá þykir heldur ekki þurfa að frávísa málinu vegna þess, að skiftagerðunum fylgja hvorki auglýsingar um skiftainnköllun, sem taldar eru fylgja skiftagerðunum, né um skifta-fundinn. Verður málið því dæmt samkvæmt N. L. 1—2—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796 eftir framlögðum skjölum og skilríkjum. Þó verða skjöl þau, er fram hafa verið lögð í yfirdómi af nýju af hendi áfrýjanda, en án þess að leyfis hafi verið aflað til þess, ekki tekin til greina.

Það sést ekki beint í skiftagerðunum, hvort farið hefir verið með dánarbú Þórarins heitins Hávarðssonar eftir 3. eða 4. kap. skiftalaganna 12. apr. 1878, enda fylgja innköllunarauglýsingar ekki málskjölunum, svo sem þegar er getið. En þó að ætla megi, að farið hafi verið með búið eftir 3. kap. skiftalaganna, þá mátti samkvæmt 33. gr. gjaldþotalaganna 13. apríl 1894 ekki beita 30. gr. nefndra laga eða yfir höfuð sérákvæðum laganna, nema því að eins, að einhver skuldheimtumanna hefði heimtað gjaldþrotaskifti á búinu, en um það finst enginn vottur í skiftagerðunum. Verður því, þegar af þeirri átæðu, að ónýta hinn uppkveðna úrskurð og ber skiftaráð-

anda að setja búið í samt lag og þá er úrskurðurinn gekk, og halda því síðan fram til löglegra skifta. Málkostnaður í yfirdómi þykir rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Að því er snertir Konráð Hjálmarsson vísast málinu frá yfirdóminum. Að öðru leyti á hinn áfrýjandi úrskurður og eftirfarandi meðferð búsins ómerk að vera og vísast skiftunum heim í hérað til nýrrar löglegrar meðferðar.

Málkostnaður í yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 19. júlí 1915.

Nr. 35/1915.

Gísli J. Ólafsson  
gegn

Birni Kristjánssyni  
og Birni Sigurðssyni  
fyrir hönd Landsbankans.

D ó m u r :

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, gengnum 8. apríl þ. á. voru stefndu bankastjórar Landsbankans Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson, er áfrýjandinn Gísli J. Ólafsson hafði lögsótt til greiðslu 1000 kr. sparisjóðsinnstæðu í bankanum með 4% vöxtum